



Skútustaðahreppur, Mývatnssveit 600269-1009

Hlíðavegi 6, 660 Mývatn Iceland s: 464-4163 f. 464-4363, netf. gudrunm@myv.is

13. fundur

Fundur í Félags og menningarmálanefnd haldinn á skrifstofu Skútustaðahrepps miðvikudaginn 02.10.2013 kt. 17.00

Mættir: Dagbjört Bjarnadóttir, Anna Dóra Snæbjörnsdóttir, Erna Þórarinsdóttir, Jóhanna Njálsdóttir og Kristján Steingrímsson.

Dagbjört Bjarnadóttir stjórnaði fundi .

Dagskrá:

1. Bjarni Jónasson forstöðumaður íþróttamiðstöðvar mætti á fundinn og sagði frá starfsemi íþróttarmiðstöðvar frá því að hann tók við . Lögð fram ítarleg skýrsla með myndum um „Yfirlit yfir húsakost og fyrirliggjandi viðhald mannvirkja“ sem unnin var í ágúst 2013 af starfsmönnum ÍMS um ástand á mannvirkjum sem tilheyra íþróttamiðstöð. Skv. skýrslunni er kominn tími á viðhald.

- Pottar eru taldir ónýtir og er bara annar í notkun eins og stendur. Pottarnir er frá því 1980.
- Dúkur á laug lélegur (sundlaugin lekur)
- Steypuskemmdir á húsinu

Einnig lagði hann fram bréf til sveitastjórnar þar sem hann fjallar um opnunartíma og starfsmannamál. Bjarni taldi að auka mætti aðsókn að ÍMS og er hann tilbúin að vinna að því að markaðssetja íþróttamiðstöðina enn frekar.

Félags og menningarmálanefnd lagði til að hann forgangsraðaði brýnustu verkefnum sem fyrir liggja, í fyrstu án tillits til kostnaðar.

Nefndin leggur til að sveitarstjórn skipi 3-5 manna vinnuhóp til að vinna að áætlun um viðhald og starfsemi ÍMS til næstu 5 ára.

Ljóst er að horfa þarf til langs tíma bæði til að auka tekjur af húsinu og fyrir liggur að leggja þarf út í dýrar viðgerðir og lagfærningar á næstu árum.

Félags og menningarmálanefnd hvetur til þess að starfsmönnum ÍMS verði nú þegar falið að hefja breytingar og lagfærningar á norðurhluta hússins með það fyrir augum að leigja út aðstöðu fyrir sjúkrabjálfa, nuddara og fleiri aðila.

2. Lögð voru fram drög að Menningarstefnu Skútustaðahrepps sem unnin hefur verið að í samvinnu við Ragnheiði Jónu Ingimarsdóttir menningarfulltrúa Eyþings. Fundarmenn lýstu ánægju með stefnuna og leggja hana fyrir sveitarstjórn. Næsta verkefni nefndarinnar er að leggja lokahönd á vinnu við úthlutunarreglur.

Fleira ekki bókað og fundi slitið 18.45